

Orðaspjall

Orðskýringar

Auðnumaður: manneskja sem gæfan eða hamingjan fylgir.

Blíðlega: að gera eitthvað á blíðan hátt, með mildi og hlýleika.

Bæjarþorp: sveitaþorp, lítill þéttbýlisstaður í landbúnaðarhéraði. Lítið þorp sem samanstendur af býlum.

Bölvaðir: Það kemur frá sögninni að blóta sem merkir upprunalega að dýrka eða fórna. Eftir að kristni kom til landsins var blóta breytt í blótsyrði. Að bölvva varð að því að óska einhverjum illis með ljótum orðum.

Dánumannsgripur: Dánumaður er heiðursmaður eða gæfumaður svipað og dáðadrengr. Dánumannsgripur er því vandaður hlutur, nytjaskepna eða úrvalsskepna (kind, hestur, kýr).

Drátt: að draga. Getur líka verið að eitthvað dregst eða það verður töf, teiknuð lína og svipmót eða andlitsfall (drættirnir í andliti hennar voru þreytulegir).

Efna: bregðast ekki, standa við loforð eða heit. Getur líka þýtt að efna til einhvers eins og að halda veislu.

Einlægni: það að vera einlægur er að vera sannur og heill. Þegar þú segir eitthvað í einlægni þá ertu að segja eitthvað sem þú meinar. Einlægur getur líka verið einhver eða eitthvað sem er sífelldur eða stöðugur.

Endurgjalda: að launa einhverjum t.d. greiða. Að gefa tilbaka svipað og þér var gefið.

Fagurgala: falleg orð eða að hrósa þarf ekki að vera satt.

Flaðraði: átt við um hvernig hundar geta hlaupið upp að manni með vinalátum. Flaðra er svipað og að gera sig blíðan við einhvern.

Flaráð: manneskja sem fer á bak við aðra, er undirförul.

Fólgið: falið, hulið eða á leynilegum stað.

Grönum: yfirvaraskegg, skegg eða yfirvör.

Innbyrti: taka fisk um borð í skip. Getur líka þýtt að neyta einhvers, borða eða drekka.

Kvíguvogar: Kvíga er kýr sem er allt að tveggja ára gömul og vogar er alltsórt skarð inn í land sem er þó styttri en fjörður.

Loforð: að heita eða lofa einhverju.

Marbendill: Marbendillinn er sæbúi eða álfur sem er í mannsmynd og býr á sæbotni. Til er gulhvítur kalksteinn sem ber heitið marbendilssmíði og álitinn vera gerður af marbendlum. Þeir eiga líka sækýr sem eru allar sægráar á litin og með blöðru milli nasanna.

Mið: veiðislóð á sjó (fiskimið). Getur líka verið miðhluti (miðja), að miða við eitthvað annað, t.d. miða með skotfæri.

Óværar: órólegar. Á t.d. erfitt með að hafa hljóð og vera kyrr.

Rasaði: að sýna fljótferni. Í dag myndum við nota hrasaði sem er að detta næstum.

Rásuðu: fara greitt, t.d. kýrnar rásuðu út um hliðið. Getur líka verið að víkja út af settri stefnu.

Sannsögli: það að segja satt.

Trúleik: sá sem er tryggur og svíkur ekki.

Tryggð: að sýna fram á að vera áreiðanlegur, öruggur og að hægt er treysta eða stóla á viðkomandi.

Túnjaðarinn: ytri brún, t.d. á klæði eða mörk, t.d. landsvæði.

Útræði: róður til fiskveiða frá einhverjum stað yfirleitt við strönd.

Viðtals: samtal þar sem einn spyr og hinn situr fyrir svörum um tiltekið mál.

Von: tilfinning óskar. Möguleikar sem að þú óskar að muni gerast. Getur líka verið von bráðar eða von úr viti, bæði eiga við um tíma. Von bráðar er innan skamms og von úr viti er allt of lengi.

Þungan: þyngd, hvað vegur hluturinn mörg kíló. Getur líka átt við um að vera þungur á sér eða hægur. Einnig getur það átt við að vera erfiður að komast gegnum eins og þungur texti eða þung færð.

Æxlaðist: það vildi svona til, málin þróuðust á þennan hátt eða þetta gerðist svona. Getur líka átt við um að geta af sér afkvæmi eða auka kyn sitt.

Samheiti og andheiti

Orð	Samheiti	Andheiti
Auðnumaður	Gæfumaður	Ógæfumaður
Blíðskap	Sýna viðkomandi hlýju	fjandskapur
Dánumannsgripur	Úrvalsskepna	
Drátt	Draga	
Einlægni	Falslaus	Óeinlægur
Fólgíð	Falið, innifalið, hulið	
Grönum	Yfirvaraskegg	
Kvíga	Kýr eldri en tveggja ára	
Loforð	Lofyrði	
Marbendill	Marmennill	
Mið	Takmark, framtíðarmark	
Óværar	órólegar	Vær
Sannsögli		Ósannsögull
Von		Vonleysi
Æxlaðist	Auka kyn sitt, geta afkvæmi	